

Framkvæmdaverkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála

Fyrir stuttu óskaði umhverfis- og framkvæmdaráð eftir hugmyndum að verkefnum, sem mætti framkvæma á þessu ári.

Hér koma tillögur frá: Ólafi Áka Ragnarssyni

1. Göngustígur frá Loftskjólum út á Selabryggju (Snafsgrund). Sjá mynd nr. 1

Gerður verði göngustígur frá Loftskjólum eftir gamla veginum út á Selabryggjur. Lokað verði fyrir umferð vélknúinna ökutækja þar sem vegurinn fer í gegnum klettarák (á móts við slóða sem liggur að geymsluhúsi Stefáns Arnórssonar) að veginum sem liggur út á flugvöll. Gamli vegurinn verði lagfærður, rör setti í lækjarsprænur sem eru á leiðinni og hann byggður upp fyrir gangandi vegfarendur.

Bílastæði verði gert við Selabryggjur ásamt því að loka fyrir umferð út á flugvöllinn og sandana. Sandarnir geta verið varasamir þeim sem fara á bíl um svæðið og þekkja lítið sem ekkert til. Koma fyrir upplýsingaskilti um svæðið út á Söndum við bílastæðið á Selabryggjum. Sandarnir eru ein af þeim perlum sem eru í nágrenni Djúpavogs og mjög vinsælt útivistarsvæði sem þarf að kynna betur fyrir íbúum svæðisins og ferðafólki.

2. Gönguleið upp á Bóndavörðu. Sjá mynd nr. 2

Gönguleiðin frá planinu við Grunnskólann upp á Bóndavörðu verði byggð upp þannig að hún verði fær göngufólki. Drena þarf leiðina og byggja hana upp með efni sem ætlað í göngustíga. Bóndavarða er fjölfarinn áningarstaður, en það er útsýni vítt yfir sjó og land. Á Bóndavörðu er útsýnisskífa með upplýsingum um svæðið.

3. Jógapallur Brennikleppi. Sjá mynd nr. 3

Brenniklettur er einn af þeim stöðum sem heimsóttur er reglulega af íbúum Djúpavogs og gestum. Sjá má fólk á klettinum nánast á öllum tímum sólahrings yfir sumarmánuðina. Stór hluti þeirra sem heimsækja klettinn koma til að njóta útsýnis, en þaðan sést yfir stóran hluta þorpsins. Þeim fjölgar sem stunda léttu leikfimi/armbeggjur þar, sérstaklega snemma á morgna. Hér með er gerð tillaga að upp á klettinum verði hlaðinn hringur úr grjóti/hellum þar sem áramótabrenna var tendruð á svæðinu til margra ára. Hringurinn verði merktur höfuðáttum, þá verði göngustígur norðan megin upp á Brennikleppi endurnýjaður. Jógapallur á Brennikleppi mun falla vel inn í Cittaslow verkefnið.

Mynd nr. 1



Númer á mynd Nr. 1: nr. 1, göngustígur, nr. 2 bílplan, nr. 3 upplýsigaskilti

Mynd nr. 2



Mynd nr. 3

